


Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga árið 2025

Þriggja ára áætlun 2026-2028

Greinargerð



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR



Efnisyfirlit

- Inngangur bæjarstjóra
- Hornsteinar fjármála sveitarfélaga
- Áherslur og helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar
- Markmiðasetning
- Forsendur fjárhagsáætlunar
- Fjárhagsáætlun og fjárfestingar
- Málaflokkar





SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

Lausnamiðuð nálgun í vexti – Innviðauppygning hefst

Íbúum í Sveitarfélaginu Vogum hefur fjölgað um tæp 20% eða um 295 manns frá ársbyrjun 2024 og á slík fjölgun sér vart fordæmi í sögunni. Í ársbyrjun voru íbúar 1.500 talsins en í byrjun desember mánuðar voru íbúar 1.795 talsins. Aðseturskráðir Grindvíkingar í sveitarfélaginu eru 66 eða 3,7% af íbúum sveitarfélagsins. Framan af ári voru aðseturskráðir Grindvíkingar hátt í 10% en hlutfallið lækkaði skart þegar grunn- og leikskóli hófust eftir sumarfrí. Ekkert sveitarfélag getur rekið sig með eðlilegum hætti, þegar svo hátt hlutfall íbúa greiðir ekki útsvar til reksturs sveitarfélagsins.

Á árinu hefur enn á ný sannast hversu dýmætur mannaúður sveitarfélagsins er, en samhliða örri íbúafjölgun reynir talsvert á lausnamiðuð hugarfar sem starfsfólk hefur svo sannarlega sýnt á árinu. Í Stóru-Vogaskóla var til að mynda stofnað lausnarteymi starfsmanna á vordögum vegna fullnýts húsnæðis og má nú með sanni segja að hver fermetri sé nýttur. Það er því gleðiefni að geta upplýst um að á næsta ári er fyrirhugað að hefja hönnun á viðbyggingu við grunnskólann og standa vonir til að uppbygging geti hafist eigi síðar en árið 2026. Færanlegar kennslustofur verða nýttar til að brúa bilið þar til starfsemi getur færst yfir í nýtt húsnæði. Í sumar var tekin í notkun færanleg kennslustofa við Heilsuleikskólann Suðurvelli, Suðurkot, og tókst vel til við verkið. Leikskólabörnum hefur einnig fjölgað og mun fjölga áfram á árinu. Unnið verður með stjórnendum og starfsfólki leikskóla að því að finna farsæla lausn á húsnæðismálum þannig að rými leikskólans sé vel nýtt á sama tíma og hlúð er að faglegu starfi. Undirbúningsvinna er hafin varðandi stækkunarmöguleika eða tilflutning leikskóla á næstu árum. Varðandi önnur fjárfestingarverkefni en uppbyggingu skóla og leikólahúsnæðis næstu ár, má nefna endurnýjun gatna, göngu- og hjólastíg yfir Vogastapa, áframhaldandi rakaviðgerðir í Stóru-Vogaskóla og uppbyggingu í Íþróttamiðstöð. Áfram verður unnið að endurnýjun gatnalýsingar og að bættu umferðaröryggi. Þá er ótalið að áfram verður unnið að leit að nýju varavatsnbóli fyrir sveitarfélagið.

Viðsnúningur hefur orðið á rekstri sveitarfélagsins undanfarin ár þar sem hagrætt hefur verið í öllum þáttum rekstrar á sama tíma og tekjur hafa aukist í takt við hagsveiflu. Áætlað er að sveitarfélagið uppfylli að nýju jafnvægisregluna árið 2025. Það þýðir að áætlað er að þriggja ára uppsöfnuð rekstrarniðurstaða A hluta og samanlagðs A og B hluta rekstrar verði jákvæð á árinu 2025. Bæjarstjórn ákvað að þessu sinni að lækka hlutfall A hluta fasteignaálagningar úr 0,43% í 0,42%. Það er vilji bæjarstjórnar að leita verði leiða til að hlutfallið geti orðið lægra í framtíðinni. Á sama tíma er bæjarstjórn meðvituð um hversu berskjaldaður reksturinn er fyrir óvæntum skakkaföllum eins og sagan hefur sýnt. Í ljósi innviðauppygningar næstu ára hefur óvissan varðandi rekstrarafkomu aukist, en lántökur munu aukast í takt við aukna fjárfestingu sem aftur skilar sér í hækknun vaxtakostnaðar.

Undirbúningur fjárhagsáætlunar var að ýmsu leyti sérstakur. Viðlíka vöxtur og átt hefur sér stað á sér vart fordæmi og flókið að spegla inn í rekstur komandi ára. Eðli máls samkvæmt eru fjárhagsáætlanir sveitarfélaga varfærnar og byggja í nokkrum mæli á sögulegum gögnum, opinberum áætlunum um þróun hagstærða og markmiðum hvað varðar einstaka rekstrarliði. Varfærinni nálgun var beitt hvað tekjuáætlun varðar, þótt vissulega sé gert ráð fyrir meiri vexti útsvars en áætluð hækknun landsmeðaltals. Einnig var beitt varúð hvað áætlun rekstrarkostnaðar varðar. Starfsemi sveitarfélagsins er víða komin að þolmörkum. Áfram er gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda í takt við íbúafjölgun sem og vexti annars rekstrarkostnaðar til að tryggja íbúum áfram góða þjónustu. Á sama tíma er skynsemi og ráðdeild ávallt höfð að leiðarljósi í rekstri sveitarfélagsins.

Vöxtur sveitarfélagsins árið 2025 mun að öllum líkindum verða minni en í ár, en haldi vaxtalækkunarferlið áfram má að öðru óbreyttu búast við eftirspurn eftir húsnæði í nálægð við höfuborgarsvæðið. Unnið verður markvisst að því á árinu 2025 að tryggja að íbúavöxtur sveitarfélagsins verði sjálfbær næstu ár enda ber sveitarfélaginu skylda að fylgja 64. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á um að sveitarstjórn beri „að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eignar og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum“.

Við vinnu fjárhagsáætlunar hefur ríkt breið og góð samstaða innan bæjarstjórnar um ráðdeild í rekstri. Framlögð fjárhagsáætlun er afrakstur samvinnu fulltrúa allra flokka í bæjarstjórn. Þakka ég kjörnum fulltrúum, stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra mikilvæga framlag og gott og árangursríkt samstarf við undirbúning fjárhagsáætlunar.

Sveitarfélaginu Vogum, 13. desember 2024

Guðrún P. Ólafsdóttir, bæjarstjóri

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Hornsteinar fjármála sveitarfélaga



Sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags.

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á fjárhag sveitarfélaga. Þeim ber að tryggja að ákvæðum laga um fjármál sveitarfélaga sé fylgt. Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. gerð fjárhagsáætlunar fyrir næstkomandi ára og til næstu fjögurra ára.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Þeim skyldum skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:



Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. **(Jafnvægisregla)**



Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. **(Skuldaregla)**

Fjárhagsáætlun er bindandi ákvörðun

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um þann ramma sem unnið skal eftir við undirbúning og afgreiðslu fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur um fjárhagsáætlun komandi árs er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins.

Ef víkja þarf frá samþykktri fjárhagsáætlun ber sveitarstjórn að samþykkja sérstakan viðauka við fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Áherslur og helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar



- Í áætlun ársins 2025 er lögð höfuðáhersla á að styrkja áfram rekstrargrundvöll sveitarfélagsins á öllum sviðum með markvissari forgangsröðun útgjalda.
- Markmiðið er að sveitarfélagið uppfylli skilyrði laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri og geti staðið undir fyrirsjáanlegri þörf fyrir innviðauppbyggingu.
- Almennt er miðað við að gjaldskrár fylgi verðlagsþróun.
- Útsvarsprósenta verður óbreytt, eða 14,97%.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts A lækkar úr 0,43% í 0,42% á árinu 2025.
- Fjárfestingar aukast á árinu 2025 í kjölfar íbúafjölgunar í sveitarfélaginu en einnig er gert ráð fyrir auknum nýfjárfestingum á árunum 2026-2028.

Rekstrarniðurstaða

A hluti	A og B hluti
78,3 mkr.	97,7 mkr.

Veltufé frá rekstri

A hluti	A og B hluti
214 mkr.	258 mkr.

Skuldaviðmið A og B hluta

67,9%

Rekstrarniðurstaða % af tekjum

A hluti	A og B hluti
3,1%	3,7%

Veltufé frá rekstri % af tekjum

A hluti	A og B hluti
8,5%	9,8%

Skuldahlutfall A og B hluta

83,4%

Launahlutfall

A hluti	A og B hluti
53,3%	52,0%

Framlegðarhlutfall

A hluti	A og B hluti
9,5%	10,9%

Fjárfestingar A og B hluta

361 mkr.
13,7% af tekjum

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Markmiðasetning



Áfram verður unnið á grundvelli eftirfarandi markmiðasetningar sem samþykkt var í kjölfar úttektar á rekstri Sveitarfélagsins og lögð var til grundvallar fjárhagsáætlun þeirri sem bæjarstjórn samþykkti í desember 2021 með breytingum sem taka mið af niðurstöðum ársreiknings 2022 og útkomuspá fyrir árið 2023:

- Að Sveitarfélagið uppfylli á hverjum tíma viðmið fjármálareglna sveitarfélaga um skuldir og rekstrarjafnvægi
- Að samstæða sveitarsjóðs hafi burði til að fjárfesta í innviðum fyrir að minnsta kosti 300 m.kr. árlega
- Áhersla verði á að fjárfesta í verkefnum sem stuðla að fjölgun íbúa og atvinnutækifærum, en auka ekki verulega rekstrarkostnað
- Að frá og með árinu 2024 skili samstæðureikningur Sveitarfélagsins árlega rekstrarafgangi
- Að frá og með árinu 2024 skili samstæðureikningur árlega framlegð sem nemur að minnsta kosti 10% af rekstrartekjum
- Að frá og með árinu 2025 skili samstæðureikningur árlega framlegð sem nemur að minnsta kosti 15% af rekstrartekjum

Þrátt fyrir að talsverður árangur hafi náðst síðustu ár í að styrkja rekstur sveitarfélagsins og fjárhagsáætlun 2025 geri ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu er ljóst að áfram þarf að vinna markvisst að því að ná tilsettum markmiðum á næstu árum. Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að framlegðarhlutfall samstæðu verði 10,9% en samkvæmt langtímaáætlun vantar enn nokkuð uppá að markmið um 15% framlegð af rekstrartekjum náist frá og með árinu 2025.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Forsendur fjárhagsáætlunar



Hagvöxtur

Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er spáð 2,4% hagvexti á árinu 2025 sem byggist á áframhaldandi vexti einkaneyslu, bata í utanríkisviðskiptum og jákvæðu framlagi fjármunamyndunar.



Verðbólga

Hagstofan áætlar að verðbólga á yfirstandandi ári verði um 5,9% en muni hjaðna hægt á næstu árum og verði um 3,8% á næsta ári. Árið 2026 er reiknað með að verðbólga verði að meðaltali 2,7%.



Íbúapróun

Í ársbyrjun 2024 voru íbúar 1.500 talsins en voru orðnir 1.730 undir lok þriðja ársfjórðungs skv. Hagstofu Íslands. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að í árslok verði íbúar í sveitarfélaginu orðnir 2.010 talsins eða um 34% fleiri en þeir voru í ársbyrjun 2024.



Kjarasamningar


Kjarasamningar starfsfólks sveitarfélaga giltu almennt til loka mars í ár en kjarasamningar kennara til loka maí sl. Ekki hefur verið samið við alla opinbera starfsmenn og ríkir þannig áfram óvissa um launaþróun hjá tilteknum hópum sem starfa hjá sveitarfélögum. Það á ekki síst við um kjarasamninga kennara en kennarastéttin nemur nær þriðjungji starfsfólks sveitarfélaga.



Óvissupættir

Líkt og fyrri ár ríkir talsverð óvissa um þróun ytri aðstæðna og framvindu efnahags- og kjaramála á næstu misserum og árum. Óvissan snýr meðal annars að verðbólguþróun, kjarasamningum og alþjóðlegri efnahagsþróun. Til viðbótar bætist óvissa vegna áhrifa jarðhræringa á Reykjanesi.

Íbúafjöldi og áætluð þróun 2014-2028



Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Fjárhagsáætlun og fjárfestingar



Fjárhagsáætlun 2025-2028 m.kr

	Raun	Útkomuspá	Áætlun			
	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Rekstrarreikningur						
Skatttekjur	1.768	1.945	2.313	2.494	2.684	2.885
Aðrar tekjur	326	262	322	382	343	353
Rekstrargjöld	1.892	1.921	2.348	2.561	2.720	2.920
Afskriftir	63	72	79	82	88	94
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	139	215	208	233	219	224
Fjármagnsliðir	143	137	110	98	100	105
Rekstrarniðurstaða	(4)	78	98	135	119	119
Efnahagsreikningur						
Eignir samtals	2.650	2.797	3.003	3.197	3.499	3.631
Eigið fé	628	706	804	939	1.058	1.177
Skuldir og skuldbindingar	2.022	2.091	2.199	2.257	2.441	2.454
Sjóðsstreymi						
Veltufé frá rekstri	189	258	258	287	277	287
Fjárfestingar	122	158	361	288	370	234
Handbært fé í árslok	154	214	138	126	147	139

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Tekjur A og B hluta

Heildartekjur Sveitarfélagsins Voga árið 2025 eru áætlaðar 2.635 m.kr.



Útsvar

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga og er áætlað að hlutdeild þess í heildarskatttekjum ársins 2025 nemi 1.349 m.kr. Útvarsstofnin tekur mið af atvinnutekjum þeirra íbúa sem eiga skráð lögheimili í sveitarfélaginu og fjölda þeirra.



Fasteignaskattar


Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hækkar fasteignamat í sveitarfélaginu um 8,5% milli áranna 2024 og 2025. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkaði um 13,4% á árinu 2024 sem skýrist af hvort tveggja hækkun húsnæðisverðs og fjölgun eigna. Áætlaðar tekjur af fasteignasköttum á árinu 2025 nema 308,1 m.kr. borið saman við 218,3 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2024.



Framlög úr Jöfnunarsjóði

Framlög frá Jöfnunarsjóði fara eftir þeim fjármunum sem sjóðurinn hefur yfir að ráða á hverju ári og staðbundnum forsendum hvers sveitarfélags. Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum sjóðsins er gert ráð fyrir að heildarframlög sjóðsins til Sveitarfélagsins Voga nemi rúmlega 655,4 m.kr á árinu 2025.

Hlutfallsleg skipting tekna 2025



Gjaldskrár

Almennt er miðað við að gjaldskrár fylgi verðlagsþróun, þ.e. að þjónustugjöld haldist óbreytt að raungildi á milli ára. Samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er áætlað að árshækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2025 verði 3,8% og við endurskoðun gjaldskráa er miðað við 4% hækkun að jafnaði milli ára.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Tekjur A og B hluta – Framlög Jöfnunarsjóðs




Framlög Jöfnunarsjóðs 2021-2025, að frátöldum framlögum vegna þjónustu við fatlað fólk og samþættingar þjónustu í þágu barna

m.kr.	2021	2022	2023	2024*	2025*
Tekjujöfnunarframlög	22,9	20,8	22,9	24,5	26,6
Úgjaldajöfnunarframlög	140,2	152,8	174,8	220,1	278,6
Grunnskólaframlag	101,1	112,7	121,2	133,9	119,4
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	10,0	9,4	9,9	16,3	24,1
Framlög vegna ÍSAT nemenda	3,8	5,9	3,1	9,1	7,7
Fasteignaskattsframlög	35,2	53,0	58,3	68,3	75,1
Önnur framlög	7,5	0,0	0,0	0,0	4,9
Samtals framlög	320,6	354,6	390,1	472,1	536,3

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum frá Jöfnunarsjóði er gert ráð fyrir að framlög hækki um 13,6% á milli árunna 2024 og 2025 og nemi 536,3 m.kr á árinu 2025 að frádregnum framlögum vegna þjónustu við fatlað fólk og samþættingar þjónustu í þágu barna.

Að meðtöldum þeim framlögum sem renna beint til sameiginlegs þjónusturekstrar Sveitarfélagsins Voga og Suðurnesjabæjar er áætlað að framlög frá Jöfnunarsjóði nemi um 655,4 m.kr á árinu 2025.

Framlög á mann, staðvirt



Á síðustu árum hafa tekjur sveitarfélagsins frá Jöfnunarsjóði sveiflast talsvert á milli ára og miðað við framlög á hvern íbúa, staðvirt með verðvísitölu samneyslu, hafa framlögin dregist saman um 31,8% á raungildi frá árinu 2018. Á árinu 2025 er áætlað að framlag á hvern íbúa verði um 298 þúsund krónur.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Gjöld A og B hluta



Launakostnaður

Áætlað er að heildarlaunakostnaður að meðtalinni breytingu á lífeyrisskuldbindingu aukist um tæplega 228 milljónir króna á milli ára og verði um 1.394 m.kr á árinu 2025. Auk áætlaðra kjarasamningsbundinna hækkana skýrist aukinn launakostnaður að verulegu leyti af fjölgun stöðugilda samhliða fólksfjölgun. Þrátt fyrir þessa breytingu og talsverða íbúafjölgun er áætlað að laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum sé í samræmi við útkomuspá ársins í ár og endi í 52,0% á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að hlutfallið verði 51,8% skv. útkomuspá ársins 2024.



Annar rekstrarkostnaður

Stærstur hluti annars rekstrarkostnaðar er bundinn kostnaður, s.s. vegna orkukaupa, trygginga og ýmissa samninga. Áfram verður unnið að því að auka hagkvæmni í öllum innkaupum sveitarfélagsins. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður alls 954,2 m.kr á árinu 2025 borið saman við 754,8 m.kr samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2024 sem samsvarar um 26,4% hækkun á milli ára. Gert ert ráð fyrir að rekstrarkostnaðarhlutfall hækki úr 34,2% skv. útkomuspá ársins 2024 í 36,2% fyrir árið 2025.

Launakostnaður m.kr

1.056	1.166	1.394	1.550	1.657	1.798
2023	2024	2025	2026	2027	2028
Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun

Annar rekstrarkostnaður m.kr

836	755	954	1.011	1.063	1.122
2023	2024	2025	2026	2027	2028
Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun


Rekstrargjöld alls m.kr

1.892	1.921	2.348	2.561	2.720	2.920
2023	2024	2025	2026	2027	2028
Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Áætluð rekstrarniðurstaða A og B hluta

Rekstrarniðurstaða í m.kr



Á árinu 2025 er gert ráð fyrir ríflega 208 m.kr. rekstarafgangi fyrir fjármagnsliði og að rekstrarniðurstaða verði um 98 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 258 m.kr.



Rekstrargjöld eru áætluð 2.348 m.kr á árinu 2025 eða sem nemur 22,2% hækkun gjalda frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld eru áætluð 1.370 m.kr., breyting lífeyrisskuldbindingar 23,6 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 954,2 m.kr.



Fjármagnsgjöld eru áætluð 110,4 m.kr á árinu 2025, þar af eru verðbætur áætlaðar 50,9 m.kr.




Heildareignir eru áætlaðar 3.003 m.kr. í árslok 2025, skuldir og skuldbindingar 2.199 m.kr. og eigið fé 803,9 m.kr.



Rekstrartekjur eru áætlaðar 2.635 m.kr. á árinu 2025 sem nemur um 19,4% hækkun frá fyrra ári, þar af eru skatttekjur áætlaðar 1.657 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 655,4 m.kr. og aðrar tekjur 322,4 m.kr.


Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Aðrar lykiltölur A og B hluta



Framlegðarhlutfall

Framlegðarhlutfall er áætlað 10,9% á árinu 2025 sem er lækkun frá útkomuspá fyrir árið 2024 sem gerir ráð fyrir að framlegðarhlutfallið verði 13,0% á yfirstandandi rekstrarári.



Skuldaviðmið


Skuldaviðmið er áætlað 67,9% í árslok 2025 en samkvæmt útkomuspá er gert ráð fyrir að viðmiðið standi í 72,7% í lok yfirstandandi rekstrarárs.

Skuldaviðmið er samtala skulda og skuldbindinga samstæðu A- og B-hluta að frádregnum veltufjármunum, lífeyrisskuldbindingum og leiguskuldbindingum ríkissjóðs sem hlutfall af tekjum samstæðunnar. Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki fara yfir 150%.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Aðrar lykiltölur A og B hluta

Rekstrarjöfnuður þriggja ára - Jafnvægisregla, m.kr.



Jafnvægisreglan

Samkvæmt lögum mega samanlögð útgjöld til rekstrar samstæðu A- og B-hluta sveitarfélaga ekki vera hærri en samanlagðar tekjur samstæðunnar á hverju þriggja ára tímabili.

Vegna Kórónuveirufaraldursins samþykkti Alþingi að víkja til hliðar tímabundið fjármálareglum sveitarfélaga, m.a. svokallaðri jafnvægisreglu. Þegar fjármálareglurnar taka gildi árið 2026 mun jafnvægisreglan taka til rekstrarniðurstöðu árána 2024 og 2025 auk áætlunar 2026.

Gangi áætlanir Sveitarfélagsins Voga eftir mun sveitarfélagið uppfylla markmið laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri, þ.m.t. kröfuna um jákvæðan rekstrarjöfnuð til þriggja ára, eða svokalla jafnvægisreglu.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Fjárhagsáætlun og fjárfestingar – A hluti



Fjárfestingaáætlun 2025-2028

Framkvæmdaverkefni, m.kr.	2025	2026	2027	2028
Húsnæðismál Stóruvogaskóla - rakaviðgerðir	15,0	13,0	14,0	14,0
Tjarnarsalur, gólfefni og gluggar	7,5	-	-	-
Tæki - Skotbómulyftari	17,5	-	-	-
Endurnýjun gatnalýsingar – LED væðing og lýsing göngustíga	7,0	5,0	5,0	-
Endurnýjun gatna, Aragerði norður	21,0	40,0	20,0	-
Varavatnsból - prufuhola	2,0	-	-	-
Göngu- og hjólastígur yfir Vogastapa	24,0	24,0	24,0	-
Útsýnispallur við höfn/ 20% af heildarkostnaði	4,4	-	-	-
Staðarborg - bílastæði	1,2	-	-	-
Umferðaröryggisáætlun	7,0	7,0	7,0	-
Hönnun og bygging viðbyggingar við Stóru Vogaskóla	30,0	100,0	200,0	220,0
Uppbygging íþróttamannvirkja, sundlaug og tæknirými	1,5	25,0	25,0	-
Færanlegar kennslustofur	212,0	-	-	-
Aðrar framkvæmdir	-	74,0	75,0	-
Samtals	350,1	288,0	370,0	234,0

Fjárfestingaáætlun ársins 2025 auk áætlunar fyrir árin 2026-2028 er lögð fram samhliða rekstraráætlun.

Samhliða mikilli fjölgun íbúa skapast þörf fyrir innviðauppbýggingu auk annarra brýnna verkefna, s.s. viðhaldi fasteigna. Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir stækkun Stóru Vogaskóla með uppsetningu færanlegra kennslustofa ásamt fyrsta áfanga við hönnun og byggingu viðbyggingar við skólann. Unnið verður markvisst að viðgerðum á húsnæði Stóru-Vogaskóla á næstu árum, göngu- og hjólastígagerð, endurnýjun gatna ásamt uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Samtals eru fjárfestingar áætlaðar um 350 m.kr. á næsta ári en í heild eru fjárfestingar á áætlunartímabilinu 2025-2028 áætlaðar um 1,2 milljarðar króna.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Málaflokkar - Aðalsjóður



Félagsþjónusta

Undir málaflokkinn flokkast og greinist allur kostnaður við félagsþjónustu sveitarfélaga, málefni aldraðra, þjónustu við fatlað fólk og barnavernd. Heildaráætlun málaflokksins er 289 m.kr. á árinu 2025 sem er um 9,9% aukning á heildarkostnaði miðað við útkomuspá fyrir árið 2024. Veigamikill hluti áætlunarinnar byggir á áætlun félagsþjónustu Suðurnesjabæjar en þeir rekstrarþættir sem Sveitarfélagið Vogar ber sjálft ábyrgð á eru áætlaðir sérstaklega.



Fræðslu- og uppeldimál

Fræðslu- og uppeldimál eru stærsti málaflokkur sveitarfélagsins með tilliti til heildarkostnaðar. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 1.134 m.kr. og eykst um 255 m.kr á milli ára eða sem nemur 29,0% miðað við útskomuspá fyrir árið 2024. Rekstur grunnskóla og leikskóla eru stærstu einstöku kostnaðarliðirnir en undir málaflokkinn er einnig færður kostnaður vegna hlutdeildar í rekstri Skólaskrifstofu Suðurnesjabæjar, rekstur frístundaskóla, tónlistarskóla, skólaeldhúss o.fl.



Menningarmál

Undir þessum málaflokki telst allur kostnaður og framlög sveitarfélags vegna menningarmála, svo sem safna, menningarhúsa, söguritunar, hátíðarhalda og fleira þess háttar. Undir málaflokkinn fellur rekstur bókasafns, og Tjarnarsalar og menningartengdir styrkir. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 28,9 m.kr. borið saman við 29,7 m.kr samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2024.



Æskulýðs- og íþróttamál

Undir þennan málaflokk fellur kostnaður við tómstundastarf barna og unglinga, rekstur félagsmiðstöðva, íþróttasvæða, íþróttahúsa og sundlauga o.fl. Styrkir til æskulýðs- og íþróttafélaga flokkast einnig hér. Áætlaður heildaskostnaður málaflokksins árið 2025 er 208 m.kr eða sem nemur um 6,8% hækkun miðað við útkomuspá fyrir árið 2024.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Málaflokkar - Aðalsjóður



Brunamál og almannavarnir

Hér flokkast allur rekstrarkostnaður vegna bruna- og almannavarna hjá sveitarfélaginu. Rekstur slökkvistöðvar eða þátttaka í slíkum kostnaði með öðrum sveitarfélögum flokkast á þennan málaflokk, svo og útlagður kostnaður vegna náttúruhamfara. Málaflokkurinn í heild sinni er áætlaður 42,3 m.kr. á árinu 2025 borið saman við 37,4 m.kr samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2024.



Hreinlætismál

Undir þessum lið eru færðar tekjur og gjöld sorpmála, sem og framlag sveitarfélagsins til reksturs heilbrigðiseftirlits. Rekstur málaflokksins í heild sinni er áætlaður 14,8 m.kr. árið 2025 borið saman við 7,0 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2024.



Skipulags- og byggingarmál

Hér flokkast kostnaður vegna skipulagsnefndar, rekstur skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, lóðaskráningar, gerð skipulagsáætlana, þ.e. vegna svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags. Hér flokkast einnig kostnaður við landmælingar, kortagerð, bæja- og húsakannanir og fornleifaskráningu. Heildarkostnaður við málaflokkinn er áætlaður 41,5 m.kr á árinu 2025 borið saman við 39,2 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2024.



Umferðar- og samgöngumál

Hér flokkast kostnaður vegna gatnakerfis og umferðarmála, t.d. viðhald og rekstur gatna, götulýsing, umferðar- og gatnamerkingar, gangstígar og gangbrautir, reiðvegir, snjómokstur og hálkueyðing. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 57,9 m.kr á árinu 2025.



Umhverfismál

Hér flokkast kostnaður vegna þjónustumiðstöðvar og annar sameiginlegur kostnaður vegna umhverfismála, s.s. rekstur og viðhald almenningsgarða og hreinsun gatna og lóða. Hér flokkast einnig kostnaður við refa- og minkaeyðingu, kostnaður vegna útiskreytinga um jól og áramót svo og vegna annarra hátíðaskreytinga. Á málaflokkinn flokkast styrkir og framlög til félaga og samtaka sem sinna umhverfismálum, svo sem skógræktarféлага. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 92,1 m.kr á árinu 2025.



Sameiginlegur kostnaður

Undir þennan málaflokk fellur allur kostnaður við sameiginlega yfirstjórn sveitarfélagsins, svo sem bæjarstjórn og bæjarráð, endurskoðun, rekstur bæjarskrifstofu, samstarf sveitarfélaga og kosningar. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 281,9 m.kr á árinu 2025.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2025

Málaflokkar - Aðalsjóður



Velferðarmál

Félagsþjónusta, málefni aldraðra, þjónusta við fatlað fólk og barnavernd.

Fræðslu- og uppeldismál

Grunnskólar, leikskólar, frístundaheimili, tónlistarskóli og stoðþjónusta.

Menningar-, æskulýðs- og íþróttamál

Bókasafn, íþróttir, félagsmiðstöð o.fl.

Sameiginlegur kostnaður

Bæjarskrifstofa, bæjarstjórn, samstarf sveitarfélaga, kosningar o.fl.

Umhverfismál

Brunavarnir, sorpmál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, opin svæði o.fl.


Fjármunatekjur og gjöld

Brunavarnir, sorpmál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, opin svæði o.fl.

Annar kostnaður

Atvinnumál, framlög til B-hluta fyrirtækja og breyting lífeyrisskuldbindinga

Skipting útgjalda eftir málaflokkum 2025





**SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR**